

REYKJAVÍKURBORG
19. ÁGÚST 2016

Viðhorfskönnun meðal barna í
fjórðu bekkjum grunnskóla Reykjavíkur um
opnunarviðburð Barnamenningarhátíðar
19. apríl 2016



Menningar- og ferðamálasvið

Inngangur	4
1 Helstu niðurstöður	5
2 Framkvæmd könnunarinnar	6
2.1 Spurningaeyðublað	6
2.2 Fjöldi skóla og nemenda og svörun.....	7
3 Niðurstöður.....	8
3.1 Niðurstöður úr einstökum spurningum	8
3.1.1 Hefur þú komið í Hörpu áður – og hvernig?.....	10
3.1.2 Skiptir máli að börnunum sé boðið á Barnamenningarhátíð?	11
3.1.3 Fannst þér gaman?.....	11
3.1.3.1 Opunarviðburður	11
3.1.3.2 Lúðrablastur Sinfóníuhljómsveitarinnar	13
3.1.3.3 Atriðið með börnunum í Made in Children og borgarstjóranum	13
3.1.3.4 Dansskóli Brynju Péturs	14
3.1.3.5 Leikatriðið úr Umhverfis jörðina á 80 dögum	15
3.1.3.6 Pollapönk.....	15
3.1.3.7 Kynnarnir	16
3.2 Niðurstöður, samantekt.	16
3.2.1 Fjöldi barna sem höfðu heimsótt Hörpu áður.....	16
3.2.2 Skiptir máli að börnum sé boðið á Barnamenningarhátíð?	17
3.2.3 Ánægja með einstök atriði (mynd 10).....	17
3.2.4 Samanburður á svörum stúlkna og drengja (myndir 10-14)	17
Fylgiskjöl.....	20

Inngangur

Þessi könnun er liður í greiningu á þjónustubáttum menningar- og ferðamálasviðs (MOF) Reykjavíkurborgar vegna kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar.

Barnamenningarhátíð í Reykjavík var haldin í sjötta sinn dagana 19.- 24. apríl 2016. Hátíðin er sett með viðburði í Hörpu sem öllum nemendum fjórðu bekkja í grunnskólum borgarinnar er boðið á ásamt kennurum. Er dagskráin sett saman sérstaklega af þessu tilefni og er markmið hennar að kynna fjölbreytileg listform fyrir heilum árgangi barna.

Áætlun um könnunina var kynnt fyrir Menningar- og ferðamálaráði Reykjavíkurborgar 29. mars 2016. Áætlunin með því var að kanna viðhorf þeirra barna, sem boðið var á opunarviðburð, Barnamenningarhátíðar, þ.e. barna í fjórðu bekk grunnskóla í Reykjavík, til hátíðarinnar og einstakra atriða opunarhátíðarinnar, m.a. með tilliti til þess hvort munur kæmi fram eftir kynjum.

Umsjón með könnuninni höfðu Einar Ólafsson og Harpa Rut Hilmarsdóttir. Anna Kapitola Engilbertsdóttir og Hildur Björk Svavarsdóttir, starfsmenn skóla- og frístundasviðs (SFS), voru þeim til ráðgjafar og aðstoðar. Frigg Árnadóttir Thorlacius og Sigurður Árnason, starfsmenn Borgarbókasafns, aðstoðuðu við innslátt og úrvinnslu Excel-skjals.

Ábyrgðaraðili verkefnis er:

Svanhildur Konráðsdóttir sviðsstjóri og menningar- og ferðamálasviðs.

Samráðsaðili innan menningar- og ferðamálasviðs var Höfuðborgarstofa og skrifstofa menningarmála.

1. Helstu niðurstöður

Spurt var ellefu spurninga. Fyrst voru börnin spurð hvort þau hefðu komið áður í Hörpu og þá í hvaða samhengi. Þá var spurt hvort þeim þætti skipta máli að börnum væri boðið á Barnamenningarhátíð. Í þriðja lagi var spurt um opunarviðburðinn, hvert hinna fimm atriða opunarhátíðarinnar fyrir sig og um kynnana, alls sjö spurningar um hvort þeim hefði fundist mjög eða frekar gaman að atriðinu eða mjög eða frekar leiðinlegt. Loks komu tvær opnar spurningar, annars vegar um hvað þau vildu hafa á næsta ári og hinsvegar hvaða orð kæmu upp í hugann þegar þau hugsuðu til opunarviðburðarins.

Athyglisvert er að nær öll börnin höfðu komið í Hörpu áður og munar þar nánast engu á kynjunum. Mörg, og þá frekar stúlkur en drengir, hafa komið oftast en einu sinni. Hér eiga skólarnir hrós skilið því að flest barnanna, þrjú af hverjum fjórum, höfðu komið með skólanum eða leikskólanum. Það er líka eftirtektarvert að rúmur helmingur barnanna segist hafa komið með fjölskyldu sinni og tæpur fimmtungur af öðrum ástæðum.

Flestum börnunum finnst skipta máli að börnum sé boðið á Barnamenningarhátíð og almennt voru þau ánægð með dagskrána en þó svolítið misjafnlega eftir atriðum. Ánægjan var alls staðar meiri meðal stúlkanna en drengjanna en munurinn er þó hvergi verulegur. Þó eru drengirnir venjulega lágstemmdari í hrifningu sinni, svarið „frekar gaman/skemmtilegt“ var algengara hjá þeim en stúlkunum.

Niðurstöður þessarar könnunar gefa varla tilefni til neinna sérstakra viðbragða, annarra en þeirra að halda áfram á sömu braut með framkvæmd opunarviðburðar Barnamenningarhátíðar. Svör barnanna eru almennt jákvæð. Munurinn milli kynjanna er ekki verulegur og má líklega skýra hann að mestu með því að almennt virðast svör drengja heldur lágstemmdari í könnunum á borð við þessa, samkvæmt upplýsingum frá deildarstjóra tölfræði- og rannsókna (TOR) á skóla- og frístundasviði sem framkvæmir sambærilegar kannanir.

Vert er þó að skoða frekar svörin við opnu spurningunum tveim, þ.e.a.s. um hvað komi upp í hugann þegar þau hugsa til opunarviðburðarins og hvað þau vilja hafa á næsta ári. Svör við þeim spurningum fylgja með í fylgiskjali.

2 Framkvæmd könnunarinnar

2.1 Spurningaeyðublað

<input type="checkbox"/> Stelpa	<input type="checkbox"/> Strákur	Skóli:	
1. Hefur þú komið í Hörpu áður?			
<input type="checkbox"/> Já	<input type="checkbox"/> Nei		
Ef þið sögðuð já svarið þá næstu:			
<input type="checkbox"/> Ég fór með leikskólanum/skólanum			
<input type="checkbox"/> Ég fór með fjölskyldunni minni			
<input type="checkbox"/> Annað			
2. Finnst þér skipta máli að börnum sé boðið á Barnamenningarhátíð með skólanum sínum?			
<input type="checkbox"/> já, mjög miklu	<input type="checkbox"/> já, frekar miklu	<input type="checkbox"/> alveg sama	<input type="checkbox"/> myndi vilja sleppa því
3. Fannst þér gaman á opunaratriðinu sem þú fórst á í Hörpu?			
<input type="checkbox"/> mjög gaman	<input type="checkbox"/> frekar gaman	<input type="checkbox"/> frekar leiðinlegt	<input type="checkbox"/> mjög leiðinlegt
4. Hvernig fannst þér lúðrablastur Sinfóníuhljómsveitar Íslands í byrjun?			
<input type="checkbox"/> mjög skemmtilegur	<input type="checkbox"/> frekar skemmtilegur	<input type="checkbox"/> frekar leiðinlegur	<input type="checkbox"/> mjög leiðinlegur
5. Hvernig fannst þér atriðið með börnunum í Made in Children og borgarstjóranum?			
<input type="checkbox"/> mjög skemmtilegt	<input type="checkbox"/> frekar skemmtilegt	<input type="checkbox"/> frekar leiðinlegt	<input type="checkbox"/> mjög leiðinlegt
6. Hvernig fannst þér dansinn frá dansskóla Brynju Péturs?			
<input type="checkbox"/> mjög skemmtilegur	<input type="checkbox"/> frekar skemmtilegur	<input type="checkbox"/> frekar leiðinlegur	<input type="checkbox"/> mjög leiðinlegur
7. Hvernig fannst þér leikatriðið úr Umhverfis jörðina á 80 dögum?			
<input type="checkbox"/> mjög skemmtilegt	<input type="checkbox"/> frekar skemmtilegt	<input type="checkbox"/> frekar leiðinlegt	<input type="checkbox"/> mjög leiðinlegt
8. Hvernig fannst þér Pollapönk?			
<input type="checkbox"/> mjög skemmtilegt	<input type="checkbox"/> frekar skemmtilegt	<input type="checkbox"/> frekar leiðinlegt	<input type="checkbox"/> mjög leiðinlegt
9. Hvernig fannst þér kynarnir?			
<input type="checkbox"/> mjög skemmtilegir	<input type="checkbox"/> frekar skemmtilegir	<input type="checkbox"/> frekar leiðinlegt	<input type="checkbox"/> mjög leiðinlegt
10. Hvað myndir þú vilja að við sýndum fjórða bekk á næsta ári?			
11. Hvaða orð koma upp í hugann þegar þú hugsar um opunarviðburðinn?			

2.2 Fjöldi skóla og nemenda og svörun

Tafla 1. Fjöldi skóla og nemenda og svörun

	Fjöldi nemenda skv. SFS	Fjöldi svara	Fjöldi svara (%)
Austurbæjarskóli	45	42	93,3
Árbæjarskóli	37	36	97,2
Ártúnsskóli	21	17	80,9
Breiðagerðisskóli	52	47	90,3
Breiðholtsskóli	42	38	90,4
Dalskóli	22	20	90,9
Fellaskóli	32	29	90,6
Foldaskóli	29	22	75,8
Fossvogsskóli	52	49	94,2
Grandaskóli	38	Engin skil (sending barst ekki)	
Hamraskóli	19	16	84,2
Háaleitiskóli, Álftamýri	40	39	97,5
Háaleitiskóli, Hvassaleiti	20	18	90
Háteigsskóli	43	Þáðu ekki boð	
Hlíðaskóli	49	42	85,7
Hólabrekkuskóli	43	36	83,7
Húsaskóli	32	30	93,7
Ingunnarskóli	31	Engin skil	
Klébergsskóli	5	5	100
Kelduskóli – Korpa	17	16	94,1
Kelduskóli - Vík	35	29	82,8
Langholtsskóli	60	46	76,6
Laugarnesskóli	80	68	85
Melaskóli	81	Engin skil	
Norðlingaskóli	62	33	53,2
Rimaskóli	46	41	89,1
Seláskóli	35	30	85,7
Seljaskóli	72	61	84,7
Sæmundarskóli	53	43	81,1
Vesturbæjarskóli	53	48	90,5
Vogaskóli	35	Skilað óútfylltum	
Vættaskóli, Borgum	17	17	100
Vættaskóli, Engi	27	26	96,3
Ölduselsskóli	34	30	88,2
	1359	974	

Skóla- og frístundasvið útvegaði upplýsingar um fjölda nemenda fjórðu bekkja í skólunum, alls 34 borgarreknunum skólum. 1457 börnum úr öllum grunnskólum borgarinnar sem kenna fjórðu bekkjum, borgarreknunum og sjálfstætt starfandi, var boðið á viðburðinn. Þrjú skólar afþökkuðu boðið en það voru Háteigsskóli með 43 nemendur sem hafði skipulagt innanskólaviðburð þennan dag, Suðurhlíðarskóli sem afþakkaði boðið en voru tvö börn í fjórða bekk og Brúarskóli sem sá sér ekki fært að senda sína þrjú nemendur.

Spurningalistar könnunarinnar fóru ekki til sjálfstætt starfandi skólanna, Barnaskóla Hjallastefnunnar, Alþjóðaskólans í Reykjavík, Landakotsskóla, Skóla Ísaks Jónssonar, Suðurhlíðarskóla og Waldorfsskólans Sólstafa. Í þeim skólum eru samtals 83 nemendur sem komu á viðburðinn. Klettaskóli fékk heldur ekki könnunina en þar voru 10 nemendur sem komu á viðburðinn.

Það var fyrir misskilning og mistök að könnunin var ekki send til sjálfstætt starfandi skólanna og Klettaskóla. Undirbúningur könnunarinnar hafði dregist og þegar gengið var frá sendingunni út í skólana í flýti á síðustu stundu voru þeir sem betur máttu vita önnum kafnir við undirbúning hátíðarinnar og því uppgötvuðust mistökin ekki fyrr en of seint.

Spurningaeyðublöðin voru send í skólana stíluð á umsjónarkennara 4. bekkja með bréfi frá umsjónarmönnum könnunarinnar. Sendingarnar fóru í flesta skólana þriðjudaginn 19. apríl, sama dag og viðburðurinn sem um var spurt fór fram, en afgangurinn föstudaginn 22. apríl. Spurningarnar voru lagðar fyrir nemendurna í sömu viku og viðburðurinn fór fram eða næstu viku á eftir.

Frá tveimur skólum, Háteigsskóla og Vogaskóla, var eyðublöðunum skilað óútfylltum án skýringa en vitað er að Háteigsskóli gat ekki þegið boð á viðburðinn vegna annarrar dagskrár innan skólans. Frá þremur skólum, Grandaskóla, Ingunnarskóla og Melaskóla, voru engin skil. Eyðublöðin virðast ekki hafa skilað sér til kennaranna í Grandaskóla, en ekki þótti rétt að senda könnunina þangað aftur þar sem of langt var liðið frá viðburðinum sem um var spurt. Ekki bárust svör frá Ingunnarskóla og Melaskóla þegar gengið var eftir skilum.

Í þeim skólum þaðan sem svör bárust var svörunin yfir 80% nema í þremur skólum, að meðaltali 87,8%. Þegar frá eru taldir þeir skólar sem ekki þáðu boðið eða fengu ekki senda könnunina (þ.á m. Háteigsskóli, sem talinn er með í töflu 1) er heildartala þeirra sem áttu kost á að svara 1316 en 974 svöruðu. Svarhlutfall er því 74% út frá þessum forsendum.

Umsjónarmenn fengu þá ábendingu að fara aðra leið en að hafa sérstök blöð fyrir stúlkur og drengi. Sú ábending miðaðist við að koma til móts við börn sem finna sig á milli eða fyrir utan þessi tvö kyn og gekk út frá mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar sem horfir í auknum mæli á þessa mismunabreytu. Ákveðið var þó hafa sams konar blöð fyrir alla þar sem hægt var merkja við „stelpa“ eða „strákur“ án þriðja valkosta. 20 svör bárust þar sem ekki var merkt við þessa reiti.

3 Niðurstöður

3.1 Niðurstöður úr einstökum spurningum


Í töflu 1 sjást samanlögð svör frá öllum skólunum en þau eru einnig sýnd á stöplaritum á myndum 1-9. Hægt er að skoða niðurstöður úr hverjum skóla fyrir sig í excel-skjali sem fylgir með (fylgiskjal 1). Svör við spurningum 10 og 11 er að finna í fylgiskjali 2.

Rétt er að hafa í huga þegar niðurstöður eru skoðaðar að hópurinn „óvíst“ er mjög fámennur (20 manns) og auk þess óljóst hvað hann merkir í raun. Honum er því sleppt í stöplaritunum hér að neðan. Þess vegna getur verið örlítið misræmi þar í prósentutölunum um drengina og stúlkurnar annars vegar og svo samtals hins vegar.


Tafla 2. Svör frá öllum skólum samanlögð

		strákar	stelpur	óvíst	Samtals	Prósentur			
						strákar	stelpur	óvíst	Samtals
		479	475	20	974				
1. Hefur þú komið í Hörpu áður?	já	464	462	20	946	96,9	97,3	100,0	97,1
	nei	15	12	0	27	3,1	2,5	0,0	2,8
	Ég fór með leikskólanum/skólanum	350	367	16	733	73,1	77,3	80,0	75,3
	Ég fór með fjölskyldunni minni	239	294	12	545	49,9	61,9	60,0	56,0
	Annað	61	110	7	178	12,7	23,2	35,0	18,3
2. Finnst þér skipta máli að börnum sé boðið á Barnamenn-ingarhátíð með skólanum sínum?	já, mjög miklu	194	262	9	465	40,5	55,2	45,0	47,7
	já, frekar miklu	144	143	9	296	30,1	30,1	45,0	30,4
	alveg sama	122	60	2	184	25,5	12,6	10,0	18,9
	myndi vilja sleppa því	17	6	0	23	3,5	1,3	0,0	2,4
	Ekkert eða ógilt svar	4	9	0	13	0,8	1,9	0,0	1,3
3. Fannst þér gaman á opunaratriðinu sem þú fórst á í Hörpu?	mjög gaman	246	342	13	601	51,4	72,0	65,0	61,7
	frekar gaman	177	101	6	284	37,0	21,3	30,0	29,2
	frekar leiðinlegt	26	13	0	39	5,4	2,7	0,0	4,0
	mjög leiðinlegt	17	5	1	23	3,5	1,1	5,0	2,4
	Ekkert eða ógilt svar	13	14	0	27	2,7	2,9	0,0	2,8
4. Hvernig fannst þér lúðrablástur Sinfóníuhljómsveitar Íslands í byrjun?	mjög skemmtilegur	197	224	16	437	41,1	47,2	80,0	44,9
	frekar skemmtilegur	183	199	7	389	38,2	41,9	35,0	39,9
	frekar leiðinlegur	74	40	1	115	15,4	8,4	5,0	11,8
	mjög leiðinlegur	21	5	0	26	4,4	1,1	0,0	2,7
	Ekkert eða ógilt svar	4	8	1	13	0,8	1,7	5,0	1,3
5. Hvernig fannst þér atriðið með börnunum í Made in Children og borgarstjóranum?	mjög skemmtilegt	163	246	8	417	34,0	51,8	40,0	42,8
	frekar skemmtilegt	178	143	8	329	37,2	30,1	40,0	33,8
	frekar leiðinlegt	76	65	1	142	15,9	13,7	5,0	14,6
	mjög leiðinlegt	56	15	2	73	11,7	3,2	10,0	7,5
	Ekkert eða ógilt svar	6	6	1	13	1,3	1,3	5,0	1,3
6. Hvernig fannst þér dansinn frá dansskóla Brynju Péturs?	mjög skemmtilegur	355	420	19	794	74,1	88,4	95,0	81,5
	frekar skemmtilegur	81	40	1	122	16,9	8,4	5,0	12,5
	frekar leiðinlegur	20	7	0	27	4,2	1,5	0,0	2,8
	mjög leiðinlegur	8	3	0	11	1,7	0,6	0,0	1,1
	Ekkert eða ógilt svar	5	5	0	10	1,0	1,1	0,0	1,0
7. Hvernig fannst þér leikatriðið úr Umhverfis jörðina á 80 dögum?	mjög skemmtilegt	142	144	9	295	29,6	30,3	45,0	30,3
	frekar skemmtilegt	169	170	5	344	35,3	35,8	25,0	35,3
	frekar leiðinlegt	100	118	6	224	20,9	24,8	30,0	23,0
	mjög leiðinlegt	55	35	2	92	11,5	7,4	10,0	9,4
	Ekkert eða ógilt svar	13	8	0	21	2,7	1,7	0,0	2,2
8. Hvernig fannst þér Pollapönk?	mjög skemmtilegt	294	334	12	640	61,4	70,3	60,0	65,7
	frekar skemmtilegt	123	96	6	225	25,7	20,2	30,0	23,1
	frekar leiðinlegt	32	28	0	60	6,7	5,9	0,0	6,2
	mjög leiðinlegt	26	12	2	40	5,4	2,5	10,0	4,1
	Ekkert eða ógilt svar	13	18	0	31	2,7	3,8	0,0	3,2
9. Hvernig fannst þér kynnarnir?	mjög skemmtilegir	253	347	15	615	52,8	73,1	75,0	63,1
	frekar skemmtilegir	154	90	4	248	32,2	18,9	20,0	25,5
	frekar leiðinlegir	32	14	0	46	6,7	2,9	0,0	4,7
	mjög leiðinlegir	26	5	0	31	5,4	1,1	0,0	3,2
	Ekkert eða ógilt svar	4	6	0	10	0,8	1,3	0,0	1,0

3.1.1 Hefur þú komið í Hörpu áður – og hvernig?




Mynd 1a



Mynd 1b

Nær öll börnin, eða 97,1% þeirra, höfðu komið í Hörpu áður og er lítill munur á drengjum og stúlkum (mynd 1a). Flest höfðu börnin farið með leikskólanum eða skólanum, 75,3%, en 56% höfðu farið með fjölskyldu sinni. 18,3% höfðu farið á einhvern annan hátt (mynd 1b). Mörg barnanna höfðu bersýnilega komið í Hörpu oftari en einu sinni því að mörg þeirra merktu við tvo eða þrjú möguleika. Allar þrjár súlurnar (leikskóli/skóli, fjölskylda, annað) á mynd 1b eru lægri hjá drengjunum en stúlkunum, sem sýnir að þeir hafa að jafnaði farið sjaldnar og þá í fleiri tilvikum bara annað hvort en ekki bæði með leikskólanum/skólanum eða fjölskyldunni eða þá á einhvern annan hátt. Munurinn er meiri þegar spurt er um „fjölskylduna“ og enn meiri hlutfallslega þegar spurt er um „annað“.

3.1.2 Skiptir máli að börnunum sé boðið á Barnameningarhátíð?



Mynd 2

78,1% barnanna finnst skipta frekar eða mjög miklu máli að börnunum sé boðið á Barnameningarhátíð með skólanum. Þar af finnst tæpum helmingi eða 47,7% það skipta mjög miklu máli og tæplega þriðjungi eða 30,4% frekar miklu. Talsvert færri drengjum en stúlkum finnst það skipta mjög miklu máli, 40,5% drengjanna en 55,2% stúlkanna. Drengjunum er frekar alveg sama en mjög fá barnanna mundu vilja sleppa því.


3.1.3 Fannst þér gaman?

3.1.3.1 Opnunarviðburður

Dagskrá opunarhátíðar er skipulögð með það í huga að kynna fjölbreytt listform fyrir börnunum. Að þessu sinni var sérstök áhersla lögð á fjölmenningu og voru atriðin valin út frá því að þau tengdu við fjölmenningu á einn eða annan hátt og sáu kynnar m.a. um að benda á þær tengingar. Einnig var nokkur fjöldi af einstaklingum af erlendum uppruna meðal sýnenda. Reynt er eftir fremsta megni að setja dagskránnu saman þannig að kynin fái jafnt pláss.

- Lúðrablastur lúðrablása Sinfóníuhljómsveitar Íslands – 12 lúðraþeytarar og 3 slagverksleikarar – 14 karlar og ein kona flytja verkið Hátíðargjall fyrir hinn almenna borgara eftir Aaron Copland.
- Made in Children og borgarstjórinn – blandaður leikhópur 5 stúlkna og 5 drengja bregða á leik ásamt borgarstjóra. Borgarstjóri býður börnin velkomin, stúlka úr leikhópnum flytur hugvekju, krakkarnir flytja lag og dansa og borgarstjóri setur hátíðina.
- Dans Brynju Pétursdóttur – blandaður hópur, 8 stelpur og 4 strákar flytja kraftmikinn hiphopdans.
- Umhverfis jörðina á 80 dögum – leikarar úr sýningu Þjóðleikhússins, 3 karlmenn og 1 kona flytja part úr leikverki.


- e. Hljómsveitin Pollapönk flytjur lagið Litríkir sokkar og vettlingar og önnur vinsæl lög úr safni hljómsveitarinnar, 4 karlmenn.
- f. Kynnarnir voru tveir, ein kona og einn karl. Þau sáu um kynningar á atriðum og sáu um að búa til brú á milli atriðanna út frá þema hátíðarinnar. Þau sungu og skemmtu salnum og fengu krakkana með sér í skemmtun.



Mynd 3

90,9% barnanna fannst mjög eða frekar gaman á opunarviðburðinum og munur milli kynja er ekki verulegur, 93,3% stúlkna á móti 88,3% drengja (mynd 10). Talsverður munur kemur hins vegar fram þegar greint er milli „mjög“ og „frekar“. 72% stúlkanna fannst mjög gaman en aðeins 51,4% drengjanna. 37% drengjanna og 21,3% stúlkanna fannst frekar gaman. Fremur fáum, eða 6,4%, fannst frekar eða mjög leiðinlegt en í þeim hópi voru fleiri drengir en stúlkur, 8,9% drengja á móti 3,8% stúlkna (mynd 3).


3.1.3.2 Lúðrablástur Sinfóníuhljómsveitarinnar



Mynd 4

84,4% barnanna fannst lúðrablástur Sinfóníuhljómsveitarinnar mjög eða frekar skemmtilegur og var nokkur munur milli kynjanna, 89,1% stúlkna og 79,3% drengja (mynd 10). Heldur fleirum fannst lúðrablásturinn mjög skemmtilegur (44,9%) en frekar (39,9%) og eru stúlkurnar heldur fleiri í báðum tilvikum. Mjög fáum fannst lúðrablásturinn mjög leiðinlegur en 19,8% drengjanna fannst hann frekar eða mjög leiðinlegur á móti 9,5% stúlkanna (mynd 4).

3.1.3.3 Atriðið með börnunum í Made in Children og borgarstjóranum




Mynd 5

76,6% barnanna fannst Made in Children-atriðið mjög eða frekar skemmtilegt og var talsverður munur milli kynjanna, 81,9% stúlkanna og 71,2% drengjanna (mynd 10). Enn

meiri munur kemur hins vegar fram þegar greint er milli „mjög“ og „frekar“. 51,8% stúlkanna fannst mjög gaman en aðeins 34% drengjanna. 37,2% drengjanna og 30,1% stúlkanna fannst frekar gaman. Lítil kynjamunur var hjá þeim sem fannst frekar leiðinlegt, 15,9% drengja og 13,7% stúlkna en mikill munur var hjá þeim sem fannst mjög leiðinlegt, 11,7% drengja á móti 3,2% stúlkna (mynd 5).


3.1.3.4 Dansskóli Brynju Péturs



Mynd 6

94% barnanna fannst dansinn frá dansskóla Brynju Péturs mjög eða frekar skemmtilegur og munaði litlu milli kynjanna (mynd 10). Flestum eða 81,5% fannst hann mjög skemmtilegur, en þar var meiri kynjamunur, 88,4% stúlkanna á móti 74,1% drengjanna. Þeir voru hins vegar fleiri meðal þeirra sem fannst frekar gaman, 16,9% á móti 8,4% stúlkanna. Sárafáum þótti leiðinlegt (mynd 6).


3.1.3.5 Leikatriðið úr Umhverfis jörðina á 80 dögum



Mynd 7

65,6% barnanna fannst leikatriðið úr Umhverfis jörðina á 80 dögum mjög eða frekar skemmtilegt (mynd 10), þar af fannst 30,3% það mjög skemmtilegt. Munurinn var óverulegur milli kynjanna hvort sem litið er til „mjög“ eða „frekar“. 32,4% barnanna fannst atriðið mjög eða frekar leiðinlegt. Þar var munurinn líka óverulegur milli kynjanna, en hins vegar fannst fleiri drengjum mjög leiðinlegt og fleiri stúlkum frekar leiðinlegt (mynd 7).

3.1.3.6 Pollapönk




Mynd 8

88,8% barnanna fannst Pollapönk mjög eða frekar skemmtilegt og lítill munur milli kynjanna (mynd 10). 65,7% fannst atriðið mjög skemmtilegt og svöruðu fleiri stúlkur en drengir þannig

meðan fleiri drengjum fannst frekar skemmtilegt. 10,3% fannst frekar eða mjög leiðinlegt en fleiri drengjum en stúlkum fannst mjög leiðinlegt (mynd 8).

3.1.3.7 Kynnarnir



Mynd 9

Svörin um kynnana voru mjög svipuð og um Pollapönk, 88,6 fannst þeir mjög eða frekar skemmtilegir, lítil munur milli kynjanna (mynd 10) en talsvert fleiri stúlkum en drengjum fannst þeir mjög skemmtilegir meðan fleiri drengjum fannst þeir frekar skemmtilegir. Fáum fannst þeir leiðinlegir en í þeim hópi voru fleiri drengir en stúlkur (mynd 9).

3.2 Niðurstöður, samantekt.

974 börn svöruðu könnuninni og var fjöldi drengja og stúlkna mjög svipaður, drengirnir 479 en stúlkurnar örlítið færri eða 475. Í 20 svörum var ekki skráð kyn. Heildarfjöldi nemenda í 4. bekkjum allra grunnskóla í Reykjavík sem fengu boð á viðburðinn var 1457. Nemendur sjálfstætt starfandi skóla og Klettaskóla sem fengu ekki könnunina eru 93 og 48 nemendur þriggja skóla þáðu ekki boð á viðburðinn. Heildartala þeirra sem höfðu kost á að svara var 1316 en 974 svöruðu. Svarhlutfall er því 74% út frá þessum forsendum.

3.2.1 Fjöldi barna sem höfðu heimsótt Hörpu áður

Nær öll börnin, 946 af 974 sem svöruðu eða 97,1%, höfðu komið í Hörpu áður, flest með leikskólanum eða skólanum. Athyglisvert er hversu mörg börn höfðu einnig komið með fjölskyldum sínum eða 56%. Nær jafn margir drengir og stúlkur höfðu komið í Hörpu áður en svörin benda til að drengirnir hafi að jafnaði komið þangað sjaldnar.

3.2.2 Skiptir máli að börnum sé boðið á Barnameningarhátíð?

Meira en þrjú af hverjum fjórum börnum finnst skipta máli að börnum sé boðið á Barnameningarhátíð, flestum hinna er alveg sama, einungis fá myndu vilja sleppa því. Talsvert fleiri stúlkum en drengjum finnst það skipta mjög miklu máli en í hópi þeirra sem var alveg sama eða vildu sleppa því voru fleiri drengir.

3.2.3 Ánægja með einstök atriði (mynd 10)


Mikil meirihluti barnanna hafði ánægju af opunarviðburðinum. Ef lögð eru saman svörin „mjög“ og „frekar skemmtilegt“ fannst 90% barnanna gaman að opunarviðburðinum.

Það einstaka atriði sem mesta ánægju vakti var dansinn frá dansskóla Brynju Péturs sem 94% barnanna fannst skemmtilegur.

Næst koma Pollapönk (88,8%) og lúðrablásturinn (84,8%). Kynnarnir vöktu einnig mikla ánægju, álíka og Pollapönk (88,6%).

Ekki var alveg jafnmikil ánægja með atriðið með börnunum í Made in Children og borgarstjóranum, en þó höfðu 76,6% barnanna gaman af því.

Minnsta ánægju vakti leikatriðið úr Umhverfis jörðin á 80 dögum, en einungis 65,6% barnanna höfðu gaman af því.



Mynd 10

3.2.4 Samanburður á svörum stúlkna og drengja (myndir 10-14)


Þegar svörin „mjög“ og „frekar skemmtilegt“ eru lögð saman og skoðuð með tilliti til kynjanna eru allsstaðar ívið fleiri svör í þá veru frá stúlkunum en drengjunum. Mesti

munurinn var varðandi atriðið með börnunum í Made in Children og borgarstjóranum (15% munur) og lúðrablásturinn (12,4% munur).


Munurinn á svörum stúlkanna og drengjanna verður hins vegar miklu meiri þegar þau eru greind niður í „mjög“ og „frekar“. Stúlkurnar eru miklu afdráttarlausari þegar þær lýsa ánægju sinni og kynjamunurinn meiri í svörunum „mjög skemmtilegt“. Það er bara leikatriðið úr Umhverfis jörðina á 80 dögum sem álíka mörgum af hvoru kyni fannst mjög skemmtilegt. Munurinn er 39-52% varðandi kynnana, opunaratriðið og atriðið með börnunum í Made in Children og borgarstjóranum en 15-19% varðandi hin atriðin. Drengirnir eru lágstemmdari í hrifningu sinni og svara því oftast til að það hafi verið frekar skemmtilegt.

Frekar fáir töldu atriðin leiðinleg. Mest var það um þriðjungur (32,4%) sem taldi leikatriðið úr Umhverfis jörðina á 80 dögum mjög eða frekar leiðinlegt. Fleiri stúlkum en drengjum fannst það atriði frekar leiðinlegt en annars eru alltaf fleiri drengir en stúlkur sem segja atriðin leiðinleg, hvort sem er frekar eða mjög, og sums staðar er munurinn töluvert mikill, jafnvel allt að fimmfaldur.


Rétt er að hafa í huga, þegar rýnt er í svörin „mjög“ og „frekar leiðinlegt“, að þá er um fremur fá svör að ræða, einkum svörin „mjög leiðinlegt“, þannig að á bak við hlutfallslega mikinn mun eru lágar tölur.




Mynd 11



Mynd 12



Mynd 13



Mynd 14

3.2.5 Hvar er kynjamunurinn mestur?

Munurinn á svörum piltanna og stúlkanna er hvergi afgerandi nema þar sem um mjög fá svör er að ræða (þar sem svörin eru „frekar“ og þó einkum „mjög leiðinlegt“).

Líklega má skýra þennan mun að mestu með því að almennt virðast svör drengja heldur lágstemmdari í könnunum á borð við þessa,

Þegar meta skal kynjamuninn í svörum þarf að meta saman alla fjóra svarmöguleikana. Ef reynt er að rýna í svörin virðist munurinn á þeim eftir kynjum vera mestur varðandi atriðið með börnunum í Made in Children og borgarstjórnunum en næst mesti munurinn virðist vera í svörum við spurningunum um lúðrablásturinn, opnunaratriðið og kynnana. Minnsti munurinn virðist vera varðandi leikatriðið úr Umhverfis jörðina á 80 dögum.

Nokkuð ljóst er að kynjamunurinn er mestur varðandi atriðið með börnunum í Made in Children og borgarstjóranum. 52,4% fleiri stúlkum en drengjum fannst það mjög skemmtilegt. Fleiri drengjum en stúlkum fannst það þó frekar skemmtilegt en samt eru stúlkurnar 15% fleiri þegar bæði svörin eru lögð saman. 11,7% drengjanna fannst það mjög leiðinlegt en einungis 3,2% stúlkanna. Þótt önnur atriði, sem spurt var um, sýni hlutfallslega meiri mun í þessu svari, þá er þar um miklu færri svör að ræða og munurinn því minni í raun.

Miðað við samanlögð svör „mjög“ og „frekar skemmtilegt“ var næstmesti munurinn varðandi lúðrablásturinn. En öfugt við Made in Children-atriðið var áþekkur munur hvort sem litið er til „frekar“ eða „mjög skemmtilegt“ og þótt miklu fleiri drengjum en stúlkum fyndist atriðið leiðinlegt, voru þeir talsvert færri sem þótti það atriði mjög leiðinlegt en Made in Children-atriðið.

Munurinn á svarinu „mjög skemmtilegt“ var líka talsvert mikill í spurningunum um opunaratriðið og kynna en jafnaðist nokkuð út í svarinu „frekar skemmtilegt“. Varðandi bæði atriðin og sérstaklega kynna var mikill hlutfallslegur munur á báðum svörum „frekar“ og „mjög leiðinlegt“, en á móti kemur að þessi svör voru frekar fá.

Það var lítill munur milli kynjanna hjá þeim sem þótti leikatriðið úr Umhverfis jörðina á 80 dögum skemmtilegt, hvort sem var frekar eða mjög. En af þeim sem fannst atriðið leiðinlegt voru fleiri stúlkur sem þótti það frekar leiðinlegt og fleiri drengjum fannst það mjög leiðinlegt.

Fylgiskjöl

Fylgiskjal 1: kfs-mof_lokaskýrsla_barnameningarhátíð2016_fylgiskjal1(excel vinnubók)

Fylgiskjal 2: kfs-mof_lokaskýrsla_barnameningarhátíð2016_fylgiskjal2(word-skjal)